

131 — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk handa uppgjafaprestum. —

8. júl. Stiptsyfirvöldin hafa með þóknanlegu brjefi 5. þ. m. sent mjer endurrit af úthlutun þeirri, er sýnóðus hafði gjört 4. þ. m. á styrktarfje til uppgjafapresta og presta-ekkna, og jafnframt lagt það til, að jeg staðfesti úthlutun þessa, að því er til fjárupphæðar þeirrar kemur, er veitt er með 13. gr. A b 4. fjárlaganna, og beiðzt þess, að herra biskupinum verði ávísuð upphæð þessi, svo að hann geti annazt um, að hlutaðeigendum verði styrkurinn greiddur.

Út af þessu vil jeg nú þjónustusamlega tjá það, er hjer segir:

Þar sem svo er fyrir mælt í 6. grein laga um skipun prestakalla, dags. 27. febr. 1880, að «árgjald það, sem eptir tilsk. 15. desbr. 1865, 7. gr. ber að greiða af brandunum, skal vera afnumið, og greiðist í þess stað 2000 kr. til uppgjafapresta og presta-ekkna úr landssjóði, þangað til uppgjafaprestum og prestaekkjum er borgið á annan hátt», þá er það hvorttveggja, að með þessu er engin breyting gjör á þeirri ákvörðun, að fje þessu skuli skipt í tvo hluti jafnstóra, og fái uppgjafaprestar annan en prestaekkjur hinn, enda er og með þessu fyrir það tekið, að þeir uppgjafaprestar, sem «á annan hátt er borgið,» einkanlega þeir uppgjafaprestar, er lausn hafa fengið með eptirlaunum úr landssjóði samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um eptirlaun presta, geti til greina komið, þá er úthluta skal þeim 1000 kr., sem uppgjafaprestum eru ætlaðar; en af þessu leiðir aptur, að verði einhverjum hluta þessara 1000 kr. eigi samkvæmt tilgangi sínum varið til styrks fátökum uppgjafaprestum, sem eptirlaun þeirra hvíla á hlutaðeiganda prestakalli, þá verður þessi hluti eigi veittur þeim uppgjafaprestum, er fá eptirlaun úr landssjóði samkvæmt lögum 27. febr. 1880, heldur sparast hann landssjóði. Þetta sjest og af athugasemdunum við fjárlögin fyrir 1882 og 1883, 13. gr. A b 4 og 5 (Alp.tíð. 1881, I, 30. bls.).

Með því nú að sýnóðus hefir úthlutað 3 uppgjafaprestum, er eptirlauna njóta úr landssjóði, styrk, er alls nemur 240 kr., af þeim 1000 kr., er hjer ræðir um, þá álit jeg mjer eigi heimilt, að ávísa af upphæð þeirri, er veitt er fátökum uppgjafaprestum með 13. gr. A b 4 fjárlaganna, meira en 760 kr.; en leitað hefi jeg í dag úrskurðar ráðgjafans um málið.

Með þessum athugasemdum staðfesti jeg úthlutun þá, er sýnóðus hefir gjört, að því er kemur til 760 kr. til fátækra uppgjafapresta og 1000 kr. til prestaekkna, og læt jeg þessu bræfi fylgja ávísun til greiðslu þessum 1760 kr. úr jarðabókarsjóði, svo að þjer, herra biskup, getið þóknanlega ráðstafað þeim.

132 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um

8. júl. bráðabirgða-sveitarstyrk. — 20. ágúst f. á. staðfestuð þjer, herra amtmaður, úrskurð sýslumannsins í Húnavatnssýslu frá 20. september 1880, er skyldar Bólstaðarhlíðarhrepp til að endurgjalda Þverárhreppi legu og lækningakostnað Steindórs Sigvaldasonar frá 10. ágúst til 1. desbr. 1879 með 117 kr. 95 a. Síðan hefir hreppsnefndin í Bólstaðarhlíðarhreppi áfrýjað málinu hingað, og eptir að jeg nú hefi með brjefi yðar frá 25. apríl þ. á. meðtekið skjöl málsins, vil jeg tjá yður það, er á eptir fer, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Áfrýjendurnir játa, að Steindór sá, er hjer ræðir um, sje fœddur 10. ágúst 1863 í Bólstaðarhlíðarhreppi, og að hann því hafi 10. ágúst 1879 öðlazt þar framfærslurjett, en þjer neita því, að þörf hafi verið á að leggja honum sveitarstyrk í Þverárhreppi, og mótmæla upphæð kostnaðar þess, sem þjer eru krafðir endurgjalds á.